

**Sp.**

**120. Tillaga til þingsályktunar**

**[84. mál]**

varðandi starfsmenn á radarstöðvum í þágu landvarnanna.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Magnús Jónsson, Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að starfsmenn radarstöðva þeirra, sem byggðar verða í hinum ýmsu landshlutum í þágu landvarnanna, verði íslenskir menn, eftir því sem mögulegt reynist og Íslendingar geta aflað sér sérþekkingar þeirrar, sem nauðsynleg er til þess að leysa af hendi þau störf, sem þar verða unnin.

**Greinargerð.**

Einn þáttur í landvarnaframkvæmdum þeim, sem nú er unnið að hér á landi, er sem kunnugt er bygging radarstöðva á nokkrum stöðum í landinu. Hefur verið gert ráð fyrir, að tiltölulega fáa menn þurfi til gæzlu og rekstrar þessara nauðsynlegu öryggistækja. Þrátt fyrir það mun það almennt skoðun Íslendinga, að eðlilegt sé, að þeir sjálfir afli sér sérmenntunar til þess að annast þessa þjónustu, þannig að ekki þurfi að hafa menn úr hinu erlenda varnarliði í stöðvum úti um sveitir landsins.

Í þessu sambandi má á það benda, að allmörg íslensk skip hafa nú fengið radar-tæki, og er þeim að sjálfsögðu stjórnað af íslenskum mönnum. Verður því að telja líklegt, að Íslendingar eigi auðvelt að afla sér þeirrar sérþekkingar, sem nauðsynleg er til þess að geta annast rekstur og gæzlu radarstöðva þeirra, sem settar verða upp í þágu landvarnanna. Það er enn fremur alkunna, að íslenskir menn hafa aflað sér sérþekkingar til þess að annast margvíslega þjónustu í þágu alþjóðaflug-samgangna og fjarskiptatækni.

Að öllu þessu athuguðu telja flm. þessarar tillögu, að eðlilegt sé, að Íslendingar annist sjálfir þann þátt landvarna sinna, sem felst í rekstri fyrrgreindra öryggistækja, er sett munu verða upp í öllum landsfjórðungum. Leggja þeir því til, að utanríkisráðherra, sem þessi mál heyra fyrst og fremst undir, beiti sér fyrir því, að sá háttur verði á hafður.